

Ár 2006, þriðjudaginn 8. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp dómur í máli nr. E-42/2006:

**Kristín Stefánsdóttir**

*(Guðni Á. Haraldsson, hrl.)*

**gegn**

**sveitarfélaginu Árborg**

*(Sigurður Sigurjónsson, hrl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 13. júní s.l., er höfðað með stefnu birtri 11. janúar s.l.

Stefnandi er Kristín Stefánsdóttir, kt. 000000-0000, Vallholti 8, Selfossi.

Stefndi er sveitarfélagið Árborg, kt. 000000-0000, Austurvegi 2, Selfossi.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða henni kr. 788.124 með dráttarvöxtum af kr. 20.532 frá 1. september 2001 til 1. október sama ár, frá þeim degi af kr. 41.064 til 1. nóvember s.á., frá þeim degi af kr. 61.596 til 1. desember s.á., frá þeim degi af kr. 82.128 til 1. janúar 2002, frá þeim degi af kr. 111.876 til 1. febrúar s.á., frá þeim degi af kr. 141.624 til 1. mars s.á., frá þeim degi af kr. 171.372 til 1. apríl s.á., frá þeim degi af kr. 201.120 til 1. maí s.á., frá þeim degi af kr. 230.868 til 1. september s.á., frá þeim degi af kr. 260.616 til 1. október s.á., frá þeim degi af kr. 290.364 til 1. nóvember s.á., frá þeim degi af kr. 320.112 til 1. desember s.á., frá þeim degi af kr. 349.860 til 1. janúar 2003, frá þeim degi af kr. 380.496 til 1. febrúar s.á., frá þeim degi af kr. 411.132 til 1. mars s.á., frá þeim degi af kr. 441.768 til 1. apríl s.á., frá þeim degi af kr. 472.404 til 1. maí s.á., frá þeim degi af kr. 503.040 til 1. september s.á., frá þeim degi af kr. 533.676 til 1. október s.á., frá þeim degi af kr. 564.312 til 1. nóvember s.á., frá þeim degi af kr. 594.948 til 1. desember s.á., frá þeim degi af kr. 625.584 til 1. janúar 2004, frá þeim degi af kr. 658.092 til 1. febrúar s.á., frá þeim degi af kr. 690.600 til 1. mars s.á., frá þeim degi af kr. 723.108 til 1. apríl s.á., frá þeim degi af kr. 755.616 til 1. maí s.á., frá þeim degi af stefnufjárhæð til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt reikningi.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda en til vara er krafist verulegrar lækkunar á kröfum hennar. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

**Málavextir.**

Málavextir eru þeir að stefnandi hóf störf hjá grunnskólum Selfoss árið 1991 sem heimilisfræðikennari. Stefndi tók við rekstri grunnskólanna af ríkinu 1. ágúst 1996 í samræmi við ákvæði laga nr. 66/1995 um grunnskóla og starfaði stefnandi því hjá stefnda til vorsins 2004 er hún lét af störfum sem grunnskólakennari.

Bæjarstjórn Selfoss mun hafa lagt það til við bæjarráð í október 1991 að kennurum í verklegum greinum yrði greitt sérstaklega fyrir tækjavörslu, innkaup og umsjón með verkmenntastofum í grunnskólum Selfoss. Á fundi bæjarráðs 24. október sama ár voru tillögur bæjarstjóra um greiðslur vegna starfa kennara við tækjavörslu o.fl. samþykktar til bráðabirgða, þar sem það væri skilningur ráðsins að þessar launagreiðslur ættu að vera á hendi ríkisins. Munu þessar greiðslur hafa verið inntar af hendi í formi greiðslu yfirvinnustunda. Á fundi bæjarráðs 8. október 1992 var tillaga bæjarstjóra um áframhaldandi greiðslur fyrir skólaárið 1992-1993 samþykkt með fyrirvara um uppsögn ef aðstæður breyttust. Fram kom að hvorki væri um samningsbundnar né lögbundnar greiðslur að ræða. Á fundi bæjarráðs 28. september 1995 er samþykkt að greiða fyrir umsjónar og tækjavörslu (svo) 1995-1996 samkvæmt vinnureglu síðasta árs en rækilega yrði farið í saumana á málinu fyrir lok skólaársins. Árið 1998 mun ákvörðun um skiptingu og greiðslur hafa verið komin í hendur fræðslustjóra er starfaði á vegum stefnda og mun ákvörðun hafa verið tekin í upphafi hvers skólaárs. Samkvæmt bréfi fræðslustjóra til skólastjóra grunnskóla dagsettu 27. október 1999 var upplýst að til grundvallar greiðslum hefði legið greinargerð bæjarstjóra frá 5. október 1992. Þá var upplýst að fyrir skólaárið 1998-1999 hefði greiðslan svo til eingöngu farið til þeirra kennara sem haft hafi á hendi meiri kennslu en samsvari 10 einingum á viku. Fyrir skólaárið 1999-2000 hafi kennarar með verklega kennslu á hendi fengið greitt í samræmi við kennslu í greinunum. Hafi verið reiknaður heildartímafjöldi fyrir hverja grein út frá reiknireglu í október 1992 og heildartímafjöldanum deilt út á kennara í hlutfalli við kennslu viðkomandi í greininni.

Framangreind greiðslutilhögun mun hafa verið við lýði allt til 1. ágúst 2001 er stefndi felldi niður allar greiðslur til sérgreinakennara, þ.m.t. til stefnanda, en 9. janúar sama ár munu Kennarasamband Íslands og Launanefnd sveitarfélaga hafa gert með sér kjarasamning sem taka átti gildi 1. ágúst sama ár. Í bókun með samningnum segir að forsendur kjarasamningsins séu að þær ákvarðanir sem teknar hafi verið um viðbótarráðningarkjör sem samið hafi verið um á grundvelli launategunda kjarasamnings standi til og með 31. júlí 2001 og falli þá úr gildi. Munu launanefndin og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa litið svo á að með þessu ákvæði hefðu allar greiðslur til verkgreinakennara fallið sjálfkrafa niður.

Stefndi bendir á að í samræmi við fyrri skólaár hafi stefndi og stefnandi gert með sér svokallaða vinnuskýrslu í upphafi skólaárs 2001/2002, þar sem m.a. hafi verið ákvörðuð vinnuskýrsla stefnanda og kaup og kjör af því tilefni. Ekki sé gert ráð fyrir neinum aukagreiðslum í þeirri vinnuskýrslu. Í upphafi hvers skólaárs hafi síðan verið undirrituð yfirlýsing milli málsaðila, svokölluð vinnuskýrsla, sem hafi verið endurnýjuð árlega án nokkurs fyrirvara af hálfu stefnanda. Hafi þessar skýrslur verið gerðar á grundvelli tveggja starfsmannaviðtala sem tekin hafi verið við stefnanda ár hvert, annað að hausti og hitt að vori.

Trúnaðarmenn kennara í Árborg sendu fræðslustjóra bréf 17. janúar 2002 og fóru fram á þeir fengju greitt fyrir þá vinnu sem þeir hefðu innt af hendi í samræmi við samninga sem tekist hefðu við kennara þar að lútandi. Fræðslustjóri svaraði bréfinu 9. febrúar sama ár og benti á að ekki væri um samningsbundnar greiðslur að ræða heldur einhliða ákvörðun stefnda hverju sinni. Eftir dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 210/2003, þar sem verkgreinakennurum í Hafnarfirði voru dæmdar slíkar greiðslur, rituðu trúnaðarmenn enn bréf til stefnda og kröfðust efnda á samningum sem gerðir hefðu verið við kennara. Með bréfi stefnda dagsettu 6. janúar 2004 var greiðsluskyldu hafnað og ítrekað að greiðslurnar hefðu byggst á einhliða ákvörðun bæjarstjórnar fyrir hvert skólaár í senn, í fyrstu samkvæmt viðmiðunarreglum sem bæjarstjóri hafi búið til. Hin síðari ár hefðu bæjarstjóri og fræðslustjóri tekið einhliða ákvörðun um að viðhalda þessum greiðslum eitt skólaár í senn. Lögmaður stefnanda mótmælti afstöðu stefnda með bréfi dagsettu 7. júní 2004 og krafðist greiðslu fyrir hönd ótiltekinna sérgreinakennara við grunnskóla stefnda. Jafnframt var tilkynnt að samkomulag lægi fyrir milli Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga um að bíða niðurstöðu prófmála sem framundan voru. Þetta samkomulag var undirritað 29. júní sama ár og kemur þar fram að höfðuð verða prófmál gegn Reykjavíkurborg og Grindavíkurkaupstað þar sem leyst verður úr rétti til sambærilega greiðslna og þeirra sem fjallað hafi verið um í dómi Hæstaréttar í málinu nr. 210/2003. Yrði öðrum sambærilegum málum gegn sveitarfélögum frestað þar til niðurstaða fengist og var markmið samkomulagsins að freista þess að fá fram fordæmi sem hægt yrði að styðjast við til úrlausnar ágreiningi í sambærilegum málum. Þá lýstu þau sveitarfélög því yfir, sem aðild áttu að samkomulaginu, þ.m.t. stefndi, að þau myndu ekki notfæra sér þau réttaráhrif fyrningar eða tómlætis sem kynni að myndast á tímabilinu frá byrjun júní 2004 þar til dómur hefði fallið í framangreindum málum. Kæmi til þess að niðurstöður dómsmálanna yrðu ekki tæk fordæmi, áskildu sveitarfélögin sér allan rétt til að bera fyrir sig fyrningu og tómlæti að undanskildu framangreindu tímabili. Dómur mun hafa fallið í Grindavíkurmálinu (mál nr. 200/2005) 24. nóvember 2005, sbr. mál nr. 200/2005 og í Reykjavíkurmálinu (mál nr. 376/2005) 16. febrúar s.l., sbr. mál nr. 376/2005, en þá hafði mál þetta þegar verið höfðað.

Stefnandi heldur því fram að hún hafi áfram sinnt þeirri vinnu sem greitt hafði verið fyrir til 1. ágúst 2001 alveg þar til hún lét af störfum vorið 2004. Hafi hún fengið greiddar fyrir 12 klukkustundir á mánuði fram til 1. ágúst 2001 er stefndi felldi niður greiðslur til hennar.

### **Málsástæður og lagarök stefnanda.**

Stefnandi byggir á því að á árunum 1991 og 1992 hafi verið samþykkt að greiða yfirvinnustundir umfram ákvæði í kjarasamningum til verkgreinakennara er störfuðu hjá stefnda fyrir störf þeirra við innkaup, tækjagæslu og umsjón með stofu. Hafi sveitarfélagið áskilið sér rétt til uppsagnar á þessum viðbótargreiðslum, en sú uppsögn hafi ekki farið fram og hafi sveitarstjórnin ekki tekið formlega ákvörðun um að afnema greiðslur þessar. Hafi stefndi staðfest ákvörðun sína frá árinu 1992 með því að greiða verkgreinakennurum, þ.m.t. stefnanda, slíkar

greiðslur 9 mánuði ársins frá 1992, allt fram til ágúst 2001. Hafi þannig komist á gildur og gagnkvæmur samningur um viðbótarráðningarkjör sem stefnandi hafi að fullu staðið við með því að inna af hendi vinnu við innkaup og fleira skólaárin 2001-2004. Stefndi hafi fellt umræddar greiðslur niður samkvæmt einhliða túlkun Launanevndar sveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hafi Hæstiréttur Íslands í tveimur málum talið að um hafi verið að ræða einstaklingsbundnar greiðslur um yfirborganir eða viðbótarráðningarkjör og því hafi þurft að segja þeim upp sérstaklega gagnvart hverjum og einum kennara með sama uppsagnarfresti og gildi í vinnusambandi aðila. Hafi rétturinn hafnað því að bókun í kjarasamningi hafi fellt niður þessar greiðslur.

Stefnandi byggir á því að stefndi hafi aldrei sagt þessum greiðslum upp gagnvart stefnanda eða öðrum verkgreinakennurum og byggir á því að um sé að ræða yfirborgun og viðbótarráðningarkjör sem samið hafi verið um við þá án atbeina stéttarfélags þeirra. Með þeim samningum hafi verið komið út fyrir svið kjarasamnings, sbr. 24. gr. laga nr. 94/1986.

Stefnandi byggir á því að einungis aðilar þessa samnings hafi getað sagt samkomulaginu upp. Umrædd bókun, sem stefndi hafi byggt uppsögn sína á, hafi ekki einhliða fellt þessa samninga úr gildi, heldur hefði stefndi þurft að segja þeim upp. Hann hafi hins vegar kosið að fella greiðslur niður einhliða án uppsagnar, en það sé á hans ábyrgð.

Stefnandi vitnar um orlofsgreiðslur til orlofslaga nr. 25/1987. Einnig vitnar hún til gr. 4.2.1. í kjarasamningi aðila. Stefnandi sundurliðar dómkröfu sína þannig að hver yfirvinnustund sé 1.0385% af mánaðarlaunum. Við bætist 13,04% orlof. Stefnandi hafi verið í fullu starfi frá því í ágúst 2001 fram til júní 2004 og hafi því átt að fá greitt fyrir 12 klukkustundir á mánuði eins og hún hefði fengið allt frá árinu 1991. Krafa stefnanda lýtur því að greiðslu fyrir 4 mánuði á árinu 2001, eða kr. 82.128, 9 mánuði á árinu 2002, kr. 267.732, 9 mánuði á árinu 2003, kr. 275.724 og 5 mánuði á árinu 2004, kr. 162.540, eða samtals kr. 788.124.

### **Málsástæður og lagarök stefnda.**

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að hann hafi þegar greitt stefnanda að fullu fyrir þá vinnu sem hún hafi innt af hendi í þágu stefnda. Hafi umræddar greiðslur byggst í upphafi á einhliða ákvörðun bæjarráðs og síðar einhliða ákvörðun bæjarstjóra og fræðslustjóra í upphafi hvers skólaárs. Hafi því ekki verið um samning aðila að ræða í þessu sambandi. Þá hafi grundvöllur ákvörðunarinnar byggst m.a. á tveimur starfsmannaviðtölum við stefnanda, eitt að hausti og annað að vori. Í þeim viðtölum hafi stefnanda verið gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hafi þau því haft mikið að segja í hvert sinn um það hvernig viðkomandi vinnuskýrsla hafi endanlega litið út. Þá megi af framlögðum gögnum ráða að þessi einhliða ákvörðun stefnda um greiðslur hafi einnig byggst á fjölda nemenda í hver sinn. Hafi greiðslurnar því ekki verið hinar sömu til hvers einstaklings, heldur breytilegar milli skólaára. Stefndi heldur því fram að ákvæði hins nýja kjarasamnings hafi tekið til umræddrar umbunar. Verði

Því ekki sagt að umræddar greiðslur hafi fallið niður, heldur sé grunn þeirra að finna í kjarasamningnum. Virðist stefnda því gæta misskilnings hjá stefnanda þegar því sé haldið fram að stefndi hafi ekki látið af hendi endurgjald fyrir umrædda þjónustu.

Stefndi byggir á því að við umræddar breytingar haustið 2001 hafi stefnanda verið kynntar þær, enda ráð fyrir því gert í kjarasamningi. Hafi stefnandi með athugasemdalausri undirritun á vinnuskýrslur því samþykkt tilgreind kjör. Séu vinnuskýrslurnar í raun ígildi samkomulags milli aðila um kaup og kjör á tilteknu tímabili, skólaári. Beri stefnanda því engar viðbótargreiðslur umfram það sem í nefndum samningi greini, enda sé hver yfirlýsing stefnanda afdráttarlaus og án nokkurs fyrirvara um aðrar frekari kröfur eða aðra verkþætti en greini í hverri vinnuskýrslu fyrir sig, vegna þeirra tímabila sem þær taki til.

Stefndi segir vekja athygli að stefnandi hafi aldrei gert neina athugasemd við breytingar á greiðslutilhögun. Það hafi ekki verið fyrr en með aðkomu lögmanns hennar í júní árið 2004 sem stefnda hafi verið tilkynnt um athugasemdir og hugsanlega kröfugerð af hálfu stefnanda, en þá hafi verið liðnir 33 mánuðir frá því greiðslutilhöguninni hafi fyrst verið breytt. Stefndi byggir á því að bréf trúnaðarmanna verði ekki túlkað á vegum stefnanda, enda undirriti hún ætíð vinnuskýrslur án athugasemda og samþykki þar með vinnukjör hvers skólaárs fyrir sig. Getur stefndi því ekki með nokkru móti áttað sig á óánægju eða mótmælum stefnanda.

Stefndi byggir á því að við gildistöku umrædds kjarasamnings við upphaf skólaárs 2001 og umræddar greiðslur féllu niður, hafi það jafngilt því að ákvörðun hafi verið tekin um að samþykktin ætti ekki lengur við þar sem umrædd störf hafi verið felld inn í vinnuskyldu kennara með gr. 2.1.6.2. í kjarasamningi og þar með hafi verið greitt fyrir hana með umsömdum mánaðarlaunum.

Stefndi telur að samkomulagið frá 29. júní 2004 sé niður fallið, þar sem stefnandi hafi ákveðið að höfða mál þvert á efni þess er um hafi verið samið. Verði ekki hjá því komist að benda á að málshöfðunin var a.m.k. ótímabær og til þess fallin að baka aukinn kostnað og verði að líta til þess við ákvörðun málskostnaðar, hver sem úrslit málsins verði. Að öllu framangreindu virtu segist stefndi ekki geta litið fram hjá því að stefnandi hafi með tómlæti sínu fyrirgert hugsanlegum rétti sínum til umræddrar greiðslu.

Verði ekki fallist á sýknukröfu stefnda gerir hann kröfu um lækkun á stefnukröfum og vísar til þess sem að framan er rakið. Þá getur stefndi ekki séð að krafa um dráttarvexti byggi á lagarökum svo sem ráð sé fyrir gert í f-lið 80. gr. laga um meðferð einkamála. Þá telur stefndi höfuðstól kröfu stefnanda ekki í samræmi við raunveruleg mánaðarlaun hennar þann tíma sem kröfugerðin nær yfir og beri a.m.k. að lækka kröfuna í samræmi við það. Stefndi telur kröfu stefnanda allt of háa. Byggt sé á viðmiðun við greiðslur eins og þær hafi verið einhliða ákvarðaðar af stefnda að hámarki. Sundurliðun kröfunnar sé óljós, erfitt að átta sig á því hvernig höfuðstóll hennar sé endanlega fundinn og þá gæti misræmis milli innheimtubrúts og stefnu. Þá sé óumdeilt að stefnandi hafi þegar þegið greiðslur fyrir þá verkþætti sem kröfugerð hennar nú byggi á, en þeir þættir falli óumdeilanlega undir kjarasamning aðila, sbr. ákvæði gr. 2.1.6.2. Sé því ekki ástæða til að tvígreiða hlutaðeigandi greiðslur.

Verði ekki á framangreint fallist vísar stefndi til þess að túlka beri tilkynningu skólustjóra í upphafi skólaárs, sbr. vinnuskýrslu kennara frá september 2001, sem uppsögn á hlutaðeigandi greiðslum. Sé uppsagnarfrestur samkvæmt því þrjú mánuðir og beri því að lækka dómkröfu stefnanda sem því nemi. Þá hafi stefnandi sýnt af sér tómlæti við að halda kröfu sinni uppi og verði því ekki viðurkenndur réttur til dráttarvaxta fyrr en frá þeim degi sem greiðslukrafa sé fyrst sett fram.

Stefndi vísar um lagarök til ákvæða laga nr. 94/1986, meginreglna samningaréttar um skuldbindingargildi samninga, kröfuréttar og vinnuréttar. Þá byggir stefndi á meginreglum um tómlæti og réttaráhrif þess á kröfur og vísar til ákvæða 18. gr. laga nr. 72/1996. Málskostnaðarkrafa er studd við 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991.

## Niðurstaða.

Í máli þessu er upplýst að hinar umdeildu greiðslur til stefnanda byggðust í upphafi á einhliða ákvörðun bæjarráðs og síðar einhliða ákvörðun bæjarstjóra og fræðslustjóra í upphafi hvers skólaárs. Með hliðsjón af niðurstöðu Hæstaréttar Íslands í máli nr. 200/2005 verður að telja að með aðilum hafi tekist ótímabundinn samningur um sérstaka þóknun til stefnanda fyrir umrædd störf, enda um sambærilegt mál að ræða að mati dómsins. Naut stefnandi að þessu leyti því kjara sem voru umfram þau lágmarkskjör sem henni bar réttur til samkvæmt kjarasamningi, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980 og 24. gr. laga nr. 94/1986 og hefur þessum samningi ekki verið sérstaklega sagt upp. Þá hefur Hæstiréttur hafnað því að bókun í kjarasamningi hafi fellt umræddar greiðslur niður og þá hefur því verið hafnað að umrædd störf hafi verið felld inn í vinnuskyldu kennara með gr. 2.1.6.2. í kjarasamningi og sé því um tvígreiðslu að ræða. Þá ber með hliðsjón af niðurstöðu Hæstaréttar að hafna því að vinnuskýrslum, sem undirritaðar voru af stefnanda og skólustjóra, hafi verið ætlað að vera samningur um starfskjör.

Samkvæmt framansögðu bar stefnda því að segja upp umræddum samningi við stefnanda með lögformlegum hætti kysi hann að losna undan þeim skuldbindingum sem í samningnum felast. Það hefur ekki verið gert og kemur þá til skoðunar hvort stefnandi hafi fyrirgert launakröfu sinni með tómlæti. Samkvæmt launaseðlum stefnanda fékk hún síðast greitt fyrir umsjón og tækjavörslu 1. júní 2001. Næsta greiðsla til hennar hefði átt að koma 1. september sama ár en þá höfðu þessar greiðslur verið felldar niður. Var stefnandi í síðasta lagi ljóst þann dag að stefndi myndi ekki inna umræddar greiðslur af hendi á grundvelli túlkunar sinnar á umræddum kjarasamningi. Trúnaðarmenn kennara í Árborg sendu fræðslustjóra bréf 17. janúar 2002 og kröfðust greiðslu fyrir umrædd störf, en því var hafnað með bréfi dagsettu 9. febrúar sama ár. Hið svokallaða Hafnarfjarðarmál var höfðað fyrir héraðsdómi 18. mars sama ár og dómur Hæstaréttar í því gekk 6. nóvember 2003. Að þeim dómi gengnum kröfðust trúnaðarmenn enn efnda á samningnum en með bréfi stefnda dagsettu 6. janúar 2004 var greiðsluskyldu hafnað. Telja verður að trúnaðarmenn hafi gætt hagsmuna allra kennara við grunnskóla Árborgar, þ.á m. stefnanda. Stefnandi ritaði undir

vinnuskýrslu vegna tímabilsins 27. ágúst 2001 til 7. júní 2002, en þar er hinnar umdeildu þóknunar ekki sérstaklega getið, en í vinnuskýrslunni kemur fram áætlun um vinnutilhögun kennsluársins. Stefnandi gerði að vísu ekki fyrirvara um kröfu sína við undirritun skýrslunnar, en þegar litið er til þess að trúnaðarmenn kennara koma mótmælum sínum á framfæri við stefnda um fjórum og hálfum mánuði eftir að túlkun stefnda á kjarasamningi varð endanlega ljós og ítreka kröfur sínar að gengnum Hæstaréttardómum í sambærilegum málum, verður ekki talið að stefnandi hafi fyrirgert rétti sínum með tómlæti.

Að mati dómsins eru athugasemdir stefnda við fjárhæð kröfugerðar stefnanda vanreifaðar og þar sem telja verður kröfu stefnanda nægilega skýra verður hún tekin til greina. Stefndi bendir á það í greinargerð sinni að stefnandi byggji ekki dráttarvaxtakröfu sína á lagarökum eins og áskilið sé í f-lið 80. gr. laga nr. 91/1991. Ekki verður séð að stefndi geri sérstaka kröfu af þessum sökum og ber krafa stefnanda því dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001 eins og í dómsorði greinir.

Stefnandi rekur fyrir dómnum 5 dómsmál á hendur stefnda þar sem 5 aðrir einstaklingar láta reyna á sömu álitaefni og í þessu máli. Með hliðsjón af því og með hliðsjón af meginreglum 4. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, verður tekið tillit til þessa við ákvörðun málskostnaðar.

Eftir þessum úrslitum málsins, sbr. 1. mgr. 130. gr. sömu laga, ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 100.000 í málskostnað.

Hjörtur O. Aðalsteinsson, dómstjóri kvað upp dóminn. Dómsuppsaga hefir dregist vegna mikilla embættisanna dómarans en lögmenn aðila töldu endurflutning óþarfan.

## **DÓMSORÐ:**

Stefndi, sveitarfélagið Árborg, greiði stefnanda, Kristínu Stefánsdóttur, kr. 788.124 með dráttarvöxtum af kr. 20.532 frá 1. september 2001 til 1. október sama ár, frá þeim degi af kr. 41.064 til 1. nóvember s.á., frá þeim degi af kr. 61.596 til 1. desember s.á., frá þeim degi af kr. 82.128 til 1. janúar 2002, frá þeim degi af kr. 111.876 til 1. febrúar s.á., frá þeim degi af kr. 141.624 til 1. mars s.á., frá þeim degi af kr. 171.372 til 1. apríl s.á., frá þeim degi af kr. 201.120 til 1. maí s.á., frá þeim degi af kr. 230.868 til 1. september s.á., frá þeim degi af kr. 260.616 til 1. október s.á., frá þeim degi af kr. 290.364 til 1. nóvember s.á., frá þeim degi af kr. 320.112 til 1. desember s.á., frá þeim degi af kr. 349.860 til 1. janúar 2003, frá þeim degi af kr. 380.496 til 1. febrúar s.á., frá þeim degi af kr. 411.132 til 1. mars s.á., frá þeim degi af kr. 441.768 til 1. apríl s.á., frá þeim degi af kr. 472.404 til 1. maí s.á., frá þeim degi af kr. 503.040 til 1. september s.á., frá þeim degi af kr. 533.676 til 1. október

s.á., frá þeim degi af kr. 564.312 til 1. nóvember s.á., frá þeim degi af kr. 594.948 til 1. desember s.á., frá þeim degi af kr. 625.584 til 1. janúar 2004, frá þeim degi af kr. 658.092 til 1. febrúar s.á., frá þeim degi af kr. 690.600 til 1. mars s.á., frá þeim degi af kr. 723.108 til 1. apríl s.á., frá þeim degi af kr. 755.616 til 1. maí s.á., frá þeim degi af stefnufjárhæð til greiðsludags og kr. 100.000 í málskostnað.

Hjörtur O. Aðalsteinsson.